

**2006 nr. 152 15. desember****Lög um ættleiðingarstyrki**

Tóku gildi 1. janúar 2007. Breytt með L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **félags- og barnamálaráðherra** eða **félagsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Almenn ákvæði.****■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi taka til fjárstyrkja úr ríkissjóði til kjörforeldra sem ættleitt hafa erlent barn eða börn í samræmi við lög um ættleiðingar. Lög þessi taka ekki til alþjóðlegra fjölskyldu-ættleiðinga.

**II. kafli. Stjórnarsýsla.****■ 2. gr. Yfirstjórn.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> fer með yfirstjórn ættleiðingarstyrkja samkvæmt lögum þessum.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 442. gr.

**■ 3. gr. Framkvæmdaraðili.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> ákveður með reglugerð hvaða aðila hann felur framkvæmd laga þessara.

□ Kostnaður vegna ættleiðingarstyrkja í lögum þessum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 34. gr.

**■ 4. gr. Kæruheimild.**

□ Ákvörðun um synjun ættleiðingarstyrks og leiðréttingu á greiðslum skv. 8. gr. er heimilt að kæra til [ráðherra].<sup>1)</sup> Um kæru gilda ákvæði VII. kafla stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 34. gr.

**III. kafli. Greiðsla ættleiðingarstyrks.****■ 5. gr. Greiðsla og skilyrði styrks.**

□ Ættleiðingarstyrkur er eingreiðsla sem er greidd út samkvæmt umsókn kjörforeldra þegar erlend ættleiðing hefur verið staðfest hér á landi eða ættleiðingarleyfi hefur verið gefið út hér í samræmi við ákvæði laga um ættleiðingar.

□ Kjörforeldrar sem hafa fengið útgefið forsambýkki í samræmi við lög um ættleiðingar eiga einir rétt á ættleiðingarstyrk. Þessi réttur er ekki framseljanlegur.

**■ 6. gr. Umsókn um styrk.**

□ Kjörforeldrar skulu sækja um ættleiðingarstyrk á þar til gerðum eyðublöðum. Sækja skal um styrk innan sex mánaða frá því að erlend ættleiðing er staðfest hér á landi eða ættleiðingarleyfi gefið út hér í samræmi við lög um ættleiðingar. Réttur til ættleiðingarstyrks fellur niður að þessum tíma liðnum.

□ Ákveða skal með reglugerð sem [ráðherra]<sup>1)</sup> setur hvaða gögn skuli fylgja með umsókn um ættleiðingarstyrk.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 34. gr.

**■ 7. gr. Fjárhæð styrks.**

□ Fjárhæð ættleiðingarstyrks nemur 480.000 kr. Fjárhæð styrksins skal endurskoðuð í tengslum við afgreiðslu fjárlaga á tveggja ára fresti. [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur í reglugerð<sup>2)</sup> ákvæði um endurskoðaða fjárhæð styrksins.

□ Ef kjörforeldrar hafa ættleitt fleiri en eitt barn samtíms er veittur styrkur vegna hvers barns umfram eitt sem nemur 20% af fjárhæð skv. 1. mgr.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 34. gr. <sup>2)</sup> Rg. 950/2007, sbr. 1198/2008 og 1198/2017.

**■ 8. gr. Leiðrétting á greiðslum.**

□ Hafi styrkþegi ranglega fengið ættleiðingarstyrk skal hann endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var.

**IV. kafli. Ýmis ákvæði.****■ 9. gr. Reglugerð.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur reglugerð<sup>2)</sup> um nánari framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 34. gr. <sup>2)</sup> Rg. 950/2007, sbr. 1198/2008.

**■ 10. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

□ Rétt til styrks samkvæmt lögum þessum eiga kjörforeldrar barna sem ættleidd eru eftir gildistöku laganna.